

Auglýsing um tollkvóta vegna innflutnings á blómum.

Með vísan til 65. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og til reglugerðar um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl. nr. 1167/2024, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir eftirfarandi innflutningsmagn blóma sem sótt skal um í stykkjatölu fyrir tímabilið 1. júlí - 31. desember 2025.

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magn tollur
<i>Tollskrárnnr.:</i>			stk.	%	kr./stk.
	<i>Blómstrandi plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar:</i>				
0602.9081- .9083 og 0602.9088	Blómstrandi plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar	01.07.-31.12.25	1.650	30	0
	<i>Aðrar:</i>				
0602.9093	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki kaktusar og þykklöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.07.-31.12.25	2.160	30	0
	<i>Lifandi:</i>				
0603.1400	Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.07.-30.12.25	6.500	30	0
0603.1906- 1908, 0603.1911- 1918 og 0603.1999	Afskorin blóm og blómk nap par sem notað er í vendi eða til skrauts, lifandi, þurkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt, þ.m.t. geislafíflar, sólliljur, fét op par, silkivendir, ilmskúfar, ljónsmunnar, gullhrís, silfurstjörmur, brúðarslör, flamingoblóm og túlípanar.	01.07.-31.12.25	118.750	30	0

Berist umsóknir um meira magn, en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu tollkvoti.is. Nýskráning notenda í vefkerfið fer fram hjá atvinnuvegaráðuneytinu. Ef óskað er eftir nýskráningu notenda skal hafa samband við atvinnuvegaráðuneytið atrn@atrn.is. Sjá tengla á fyrir nánari [upplýsingar um vefkerfið og leiðbeiningar](#).

Opnað verður fyrir umsóknir á tollkvoti.is; fimmtudaginn 8. maí 2025 og skulu umsóknir berast fyrir kl. 23.59, mánudaginn 19. maí 2025.

Atvinnuvegaráðuneytinu,
7. maí 2025.